

Ed.

226. Nefndarálit

um frv. til laga um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. og er sammála um efni þess og tilgang. Einn nefndarmanna (JAJ) er þó ekki samþykkur þeim ákvæðum frv., er greina, hvernig hlutaruppbótinni skuli úthlutað, og skilar því sérstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn telur, að ekki sé hægt að úthluta á annan veg en frv. greinir, án þess að rifta þeim ákvæðum, er sjómennirnir voru almennt ráðnir fyrir á sildveiðum síðastl. sumar, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1934.

Ingvar Pálmason,
form.

Sigurjón Á. Ólafsson,
frsm., fundaskr.